




„Býst alltaf við því besta“



Dagur Sigurðarson sýnir í Djúpinu og gengur glimrandi vel

■ „Þú tókst þá eftir því? Ég svara þessu ekki.“ Eftir stutta þögn: „Það er náttúrulega tunglið.“

Meira fékkst hann ekki til að segja.

Dagur Sigurðarson hefur opnað litla myndlistarsýningu í Djúpinu við Hafnarstræti. Myndirnar eru 17 og listamaðurinn hefur farið öfugan sólar-gang, þegar hann númeraði þær. Um ástæðuna fyrir því snerist fyrsta spurningin.

Dagur er klæddur í heklad vesti, fremur sítt og rautt, utan yfir hvíta rúllukragapeysu. Flauelsbuxurnar eru dökkar og það er brett upp á skálmarnar, þó ekki mikið. Leikurinn berst frá einu borðinu til annars í salarkynnum, sem hæfa sýningunni fullkomlega, jafnvel upp á háa barstólana.

„Sýningin hefur gengið ágætlega,“ segir Dagur og er ánægður. „Helmingur myndanna seldur. Gestir á opnuninni skiptu hundruðum og síðan hefur verið stöðugt ráp.“

– Áttirðu von á svona góðri aðsókn?

„Já. En það trúði mér enginn, þegar ég talaði um það. Ég er bjartsýnimaður og býst alltaf við því besta. Þess vegna fæ ég það alltaf á endanum. Ef það klikkar, segi ég að það komi bara næst.“

– Hvernig hafa viðbrögðin verið?

„Þau hafa yfirleitt verið nokkuð góð. Þó sögðu nokkrir jafnaldrar mínir mér að hætta að mála. En það var ekkert illt í því.“

Íslenskari sýning

Dagur segir sýninguna vera í beinu framhaldi af síðustu

sýningu sinni, er meira að segja með tvær eldri myndir með, svona til að tengja saman. „Myndirnar á þessari sýningu eru þó sennilega íslenskar, norræni. Það er lögd meiri áhersla á tilfinningar en sensúalism.“

– Hvað myndirðu segja vera einkennandi fyrir sýninguna?

„Það eru aldrei fleiri en tvær manneskjur á mynd. Og ef manneskjan er ein, er það yfirleitt kona. En þetta þarf ekki endilega að vera svona. Ég hef ekkert á móti portrettum, eða myndum þar sem er fullt af fólki. Ég hef málað þannig, en ekki undanfarið. Ég hef málað kröfugöngur, höpdansa, dýr og menn og landslag. Stundum hef ég byrjað að mála uppstillingar, en þær hafa alltaf orðið eitthvað annað.“

– Þú ert kannski ekki fyrir að mála dauða hluti?

„Peir vilja lifna við, animera, fá sál. Ég trúi á stokka og steina. Mér finnst það betri trú en trú á alvitran karl, sem situr klovvega á himinhvelfingunni og dinglar löppunum. Eða er hann kannski í ístaði?“

Dagur Sigurðarson trúi á innblásturinn. Eða öllu heldur: „Ég trúi á innblásið handverk,“ segir hann. Hann segir líka að Michelangelo og Grænlandingar hafi sömu hugmyndir um skúlptúr. „Michelangelo sagði, að myndin væri í marmaranum, það þyrfti bara að höggva utan af henni. Grænlandingar segja það sama um rostungstennur.“

Asnaeyrun

Dagur segist stundum vera hálfhræddur við myndirnar sínar og hann segir frá atburði, sem gerðist fyrir nokkrum árum. Hann var að mála mynd af tveimur konum, helli og

hamravegg. Önnur konan, ljós yfirlitum, var úti fyrir hellinum. Hin, dökk á brún og brá, var inni í honum. Úti var sterkt tunglskin. „Ég var að lýsa klettinn, þegar á honum birtist nokkuð náttúralísk og detaljeruð mynd af asna, vel lifandi sem sagt. Ég var ekki maður til að standa við asnaeyrun, því að þetta hefur verið ég, og sulaði yfir hann, setti inn meira hvítt. Nú er enginn asni og myndin er sennilega verri fyrir bragðið.“

Annað atvik gerðist fyrir tveimur þremur árum. Þegar hann hafði lokið við mynd eina, tók hann eftir því, að allt varð vitlaust í kringum hann. Á myndinni var undirheimagöngja með slöngur og ketti allt um kring.

– Ertu farinn að hugsa fyrir næstu sýningu?

„Ég veit það ekki. Mér hefur dottið í huga að sýna Íslendingum hvað þeir eru fallegir, í von um að þeir verði það. Það er til fegurð í þeim, en þeir eru hræddir við hana. Ég hef samt ekki verið að mála það, heldur stórar ævintýralegar myndir.“

Á meðan ég var að undirbúa þessa sýningu, dreymdi mig nótt eftir nótt, að ég væri inni á málaverkasýningum í stórum gallerium, og þegar ég vaknaði, mundi ég myndirnar niðri smæstu pensilstrík. Það getur vel verið, að ég elti þennan spotta frekar en að gera Íslendinga fallega.“

– Nú ert þú þekktari sem ljóðskáld en málari í hugum margra?


„Já, en það er að breytast. Ég er að verða sýnilegur sem málari. Svo les enginn ljóð lengur. Skólarnir og fjölmiðlarnir sjá til þess. Það þólin enginn ljóð. Ég gæti aldrei skrifað á hverjum degi. Mér leiðist að skrifa. En mér líður vel með því að mála, dag eftir dag, og ár eftir ár.“

Níu stelpur á Kjarvalsstöðum



■ Níu ungar myndlistarkonur opna sýningu í vestursal Kjarvalsstaða á laugardag. Á sýningunni eru skúlptúrar úr leir og járn, málverk og teikningar. Stúlkurnar heita Ásta Ríkhardsdóttir, Björg Órvar Harpa Björnsdóttir, Sóley Eiríksdóttir, Ragna Steinunn Ingadóttir, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Steinunn Práinsdóttir, Erla Þórarinsdóttir og Guðný Björk Richard. Sýningin er opin daglega kl. 14.00-22.00 og henni lýkur sunnudaginn 26. ágúst.

■ Sjö stelpur af níu. NT-mynd: Ari.



■ Páll Árdal heimspekingur og höfundur kvikmyndar um Parkinsonsveikina.

Kvikmynd um Parkinsonsveikina

■ Parkinsonssamtökin munu sýna kvikmynd um Parkinsonsveikina í Menningarmiðstöð Bandaríkjanna að Neshaga 16 á sunnudaginn kl. 14. Kvikmyndin er sýnd í tilefni af komu Páls Árdals heimspekiprófessors frá Kanada til Íslands, en Páll er höfundur myndarinnar. Hann mun ræða við gesti og svara spurningum þeirra eftir sýninguna.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis, en á staðnum verða seldar veitingar.

Norræna húsið

■ Í kjallarasal stendur yfir sýning Hexagonhópsins, en það eru sex norrænir textillistamenn. Sýningin er opin kl. 14.00-19.00 og lýkur á sunnudag. Í anddyrinu er sýning á íslenskum skordýrum, og er hún sett upp í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í bókasafni er sýning á íslensku þjóðmálinu.